

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 2. tbl. 11. árg. 8. febrúar 2017

Leikskólinn Huldurheimar bauð foreldrum að koma og leika með börnum sínum í leikskólanum á degi leikskólans, góð mæting var eins og sjá má á myndunum.



Sudbury vika í Hríseyjar- og Grímseyjarskóla.

Hríseyjar- og Grímseyjarskólur vinna að sameiginlegu þróunarverkefni „Leiðtogar í eigin námi“ hluti verkefnisins er í anda *Sudbury Valley School* í Bandaríkjunum en eftir þeirri hugmyndafræði er unnið í rúmlega 60 skólum víðsvegar um heiminn.

Samkvæmt þeirri hugmyndafræði skipulögðu nemendur sitt eigið nám út frá sínum áhugamálum í eina viku, fundu leiðir til að leysa viðfangsefni sem þeir völdu, tóku lýðræðislegar ákvarðanir í félagi við starfsmenn skólanna og unnu á sínum forsendum.

Í Hríseyjarskóla fór verkefnið þannig fram að nemendur byrjuðu á að kynna sér lykilhæfni í Aðalnámskrá og unnu verkefni út frá því.

Haldinn var kynningarfundur fyrir foreldra um Sudbury vikuna.

Nemendur fengu rúman tíma til þess að ákveða hvað þeir vildu gera í vikunni. Þeir skipulögðu vikuna með hjálp foreldra og kennara og þurftu að tengja verkefni sín námsgreinum og lykilhæfni. Nemendur 3. – 8. bekkjar skipulögðu alla vikuna en nemendur í 1. og 2. bekk skipulögðu einn dag í einu. Við settum okkur fimm markmið:

- að koma til móts við nemendur
- að sýna nemendum traust
- að nemendur velji hvað þeir vilji gera þessa viku
- að nemendur njóti þess að vera í skólanum
- að nemendur átti sig á að það er hægt að læra á margvíslegan hátt.

Á mánudegi mættu nemendur ferskir til leiks og hófust handa við hin margvíslegustu verkefni, s.s. stuttmynd, skipulagningu heimsreiðu og fleiri ferðalaga, fatasaum, ýmiss konar glærukyningar, rafbíla, rekstur veitingastaða, loom teygjur og margt fleira. Nemendur skráðu í dagbók á meðan á verkefninu stóð, þar sem þeir skráðu hvað þeir hefðu gert yfir daginn, hvernig til hefði tekist og hvernig þeim fannst. Með þessu gátu nemendur átt að sig betur á hvernig þeir gætu skipulagt sig og ákveðið hvernig þeir vildu breyta ef við færum aftur í svona viku. Nemendur og starfsfólk var ánægð með vikuna og vildi gjarnan vinna svona verkefni aftur. Nemendur kynntu verkefni sín fyrir foreldrum, ömmum, öfum og samnemendum sínum.

Í Grímseyjarskóla var sama vinnan og var vikan kölluð LEN vika. Skammstöfunin LEN stendur fyrir *Leiðtogar í eigin námi*.

Þessi hugmyndafræði var aðlöguð og staðfærð og gerð úr henni skemmtileg uppbrotsvika. Nemendur skipulögðu vikuna sína í síðustu viku og bjuggu til áætlun til þess að fara eftir. Markmiðin eru helst þau að þjálfast í að skipuleggja sig, taka ábyrgð á eigin námi og að sjálfsögðu að hafa gaman.

Krakkarnir brölluðu ýmislegt í vikunni, reiknuðu, teiknuðu, lásu Laxdælu jafnt sem skáldsögur og textabækur í dönsku og ensku, gerðu tilraunir með hinum ýmsu efnunum og sulluðu svolitíð í leiðinni, framleiddu stop-motion myndbönd, grúskuðu í forritun og æfðu förðun og hárgreiðslu.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Dagur leikskólans 6. febrúar.



Mánudaginn 6. febrúar var dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins í tíunda sinn, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Leikskólar landsins hafa á undanförunum árum haldið upp á dag leikskólans með margbreytilegum hætti og þannig stuðlað að jákvæðri umræðu um leikskólastarfið.

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra. Heilmikil dagskrá var á leikskólum bæjarins og leikskólinn Pálmholt þar engin undantekning. Verkefni voru misjöfn eftir deildum. Á Greniholti útbjuggu börnin fána með áletruninni: Í leikskóla er gaman. Fánarnir voru síðan hengdir á grindverk við leikskólann fyrir gesti og gangandi.



Börn af Furuholtri heimsóttu heimilismenn á öldrunarheimilinu Hlíð, nánar tiltekið á Grænuhlíð. Þar sungu börnin nokkur lög og lífguðu hressilega upp á daginn hjá elstu borgurum bæjarins. Á Birkiholtri höfðu börnin undirbúið daginn með að teikna myndir og svara spurningum er varða leikskólann. Á degi leikskólans, fóru börnin með myndirnar sína og svörin í Hrisalund þar sem þau gáfu vegfarendum myndirnar að gjöf þeim til mikillar gleði. Hér má sjá myndir frá deginum úr elsta leikskóla Akureyrarbæjar Pálmholtri.

Börnin á Tröllaborgum fóru um nágrenni skólans og færðu nágrönnum sínum mynd. Hér eru nokkrar myndir frá því.



Hringekja í Giljaskóla.

Hringekjudagur var haldinn 6. febrúar. Þá var nemendum skipt upp í átján hóp og árgöngum blandað saman. Hóparnir fóru á milli stöðva þar sem lagðar voru fyrir þá alls konar verkefni og þrautir. Mjög skemmtilegur dagur sem heppnaðist vel.



Viðmið um skjánotkun.

Á næstunni verður sérstökum ísskáspslegum með upplýsingum um viðmið um skjánotkun barna og unglinga dreift inn á öll heimili á Akureyri. Það getur verið erfitt að hafa hemil á skjánotkun og þá er gott að geta horft til leiðbeinandi reglna sem unnar hafa verið af þeim sem láta sig málið varða. Forsaga málsins er að 6. mars 2016 var haldið málþing um skjánotkun barna- og ungmenna. Að þinginu stóðu Samtaka – samtök foreldrafélaga á Akureyri, fulltrúar ungmennaráðs, fulltrúar forvarnateymis og samfélags- og mannréttindaráðs (nú frístundaráðs) en þessir aðilar standa saman að útgáfu seglanna.

Sjá nánar: <http://www.akureyri.is/is/ibuagatt/frettir/vidmid-um-skjanotkun>

100 daga hátíð hjá 1. bekk Brekkuskóla.

Í síðustu viku héldu nemendur í 1. bekk upp á það að 100 dagar eru liðnir af skólagöngu þeirra. Nemendur töldu góðgæti í skreytta pappírspoka 10x10 stk. eða samtals 100. Áður höfðu þeir skreytt skólann og unnið með einingar, tugi og eitt hundrað á marga aðra vegu. Eitt af því sem gert er frá fyrsta skóladegi er að telja skóladagana.

Þegar 100 dagar eru liðnir er haldin hátíð þar sem 1. bekkur fer um skólann syngjandi og skemmtir sjálfum sér og öðrum.

